



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Efling – stéttarfélag  
Guðrúnartúni 1  
105 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2020

### **Efni bréfs: vinnustöðvun félagsmanna Eflingar**

Fyrirhugaðar verkfallsaðgerðir félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í Kópavogsbæ, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ, Hveragerði og Ölfusi hafa verið samþykktar og til stendur að ótímabundin vinnustöðvun hefjist 5. maí 2020.

Umboðsmanni barna hafa borist erindi frá börnum sem eru búsett í þeim sveitarfélögum sem um ræðir, þar sem þau lýsa yfir miklum áhyggjum vegna fyrirhugaðra verkfallsaðgerða Eflingar. Þau telja vegið að rétti sínum til menntunar og einnig hafa þau áhyggjur af félagslegri einangrun barna. Ef til vinnustöðvunar kemur er ljóst að það mun bitna með íþyngjandi hætti á börnum í ljósi þeirra skerðinga sem nú þegar hafa orðið á skólahaldi þessa önn.

Umboðsmanni barna ber að vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Þá ber umboðsmanni að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna sbr. 3. gr. laga nr. 83/1994.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að samningsaðilar semji áður en til vinnustöðvunar kemur enda mun það vera verulega íþyngjandi fyrir nemendur ef skólahald getur ekki hafist með eðlilegum hætti 4. maí eins og til stendur.

Einnig er mikilvægt að við skipulag og beitingu verkfallsaðgerða taki stéttarfélög mið af hagsmunum barna. Þegar teknar eru ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á börn ber að taka slíka ákvörðun með það að leiðarljósi sem er best fyrir börnin. Brynt er að nemendur séu þátttakendur í ákvörðunartöku sem þessari og fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og jafnframt að tekið sé tillit til þeirra. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans ber að tryggja börnum sem myndað geta eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem þau varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Þátttaka barna í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar leiðir til upplýstari og vandaðri ákvarðana sem meiri

líkur eru á að sátt ríki um, ekki síst ef um er að ræða íþyngjandi aðgerðir. Nemendaráð geta gegnt lykilhlutverki í þessu sambandi. Umboðsmaður barna vill því hvetja Eflingu til þess að huga sérstaklega að rétti barna til upplýsinga og þátttöku samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans við töku ákvarðana um vinnustöðvun sem og í öðru starfi félagsins.

Af þeirri ástæðu vill umboðsmaður barna hvetja Eflingu til þess að semja við Samband íslenskra sveitarfélaga áður en til vinnustöðvunar kemur. Erindi þess efnis hefur einnig verið sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal,  
Umboðsmaður barna